

4. gr.

85

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, frídag verzlunarmanna og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar nema þær, sem um getur í 3. gr. B.-lið.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í lyfjabúðum, á strætum og torgum, eða annarsstaðar utan sölubúða, nema úr sjálfisölum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og skipsforða handa skipum, og sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlendum vörum aðkomumanna í geymslúhúsum.

6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verzlunir fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykktinni skal reka sem almenn lögreglu-mál.

8. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi fallin samþykkt nr. 8 frá 7. febrúar 1929 og breytingar á sömu samþykkt nr. 59 26. júní 1931 og nr. 76 frá 14. júlí 1933.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. maí 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir hjúkrunar- og styrktar-sjóð handa sængurkonum á Akranesi, útgefin á venjulegan hátt af dóms- og kirkju-málaráðherra, 23. maí 1940. 86 23. maí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hjúkrunar- og styrktarsjóð handa sængurkonum á Akranesi.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist: Hjúkrunar- og styrktarsjóður handa sængurkonum á Akranesi, og var stofnaður 28. desember 1904 með kr. 388.63, en er nú að upphæð kr. 2233.48. Aðalstofnandi sjóðsins er Guðrún Gísladóttir, ljósmóðir á Akranesi.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita fátækum sængurkonum í ljósmóðurumdæmi Akraness, eins og það er nú, styrk og hjúkrun eftir því sem nauðsyn og þörf krefur.

86

23. maí

Tekjur sjóðsins eru:

- a. vextir af höfuðstól sjóðsins;
- b. samskot og gjafir einstakra manna, er vilja styrkja sjóðinn, og aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að áskotnast.

4. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, þannig að $\frac{3}{4}$ — þrjú fjórðu hlutar — ársvaxtanna leggist jafnan við höfuðstólinn, en $\frac{1}{4}$ — einum fjórða hluta — ársvaxtanna má, ásamt fé því, er sjóðnum árlega áskotnast á annan hátt, verja samkvæmt því er í 2. gr. segir, eftir því sem þörf krefur. En ef afgangur verður, skal hann lagður við höfuðstól.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Hin lögskipaða yfirsetukona á Akranesi, héraðslæknirinn í Skipaskagahéraði og sóknarpresturinn í Garðaprestakalli á Akranesi.

Skal sjóðstjórnin árlega semja reikning yfir tekjur sjóðsins og gjöld og senda hann þeim, er hafa á hendi eftirlit með þeim sjóðum, er öðlast hafa konunglega staðfestingu á skipulagsskrá sinni.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Akranesi, 8. janúar 1936.

Guðrún Gísladóttir, ljósmóðir. Þorsteinn Briem. Ólafur Finsen.

87

23. maí

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Bjarna Ólafssonar skipstjóra, útgefin á venjulegan hátt af dóms- og kirkjumálaráðherra, 23. maí 1940.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Bjarna Ólafssonar skipstjóra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Bjarna Ólafssonar skipstjóra.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3000.00 — þrjú þúsund krónur —. Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands, eða annari tryggri stofnun. Í bankavaxtabréfum, ríkisskuldabréfum eða öðrum jafntryggum.

3. gr.

Sjóðurinn tekur við hverskonar gjöfum og áheitum.

4. gr.

Þegar sjóðurinn, að dómi sjóðstjórnar, getur einn, eða með aðstoð annara aðila, byggt sundlaug á Akranesi, þá má verja í því skyni öllum höfuðstól sjóðsins fram yfir kr. 3000.00 — þrjú þúsund krónur. —